

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2012

2012/EES/34/22

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011 frá 5. júlí 2011 um samþykkt reglna um starfsreglur í varanlegu samstarfi sem aðildarríkin komu á í samstarfi við framkvæmdastjórnina skv. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB ⁽³⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2001 frá 28. september 2001 ⁽⁴⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2001/14/EB falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 2830/77 ⁽⁵⁾ og nr. 2183/78 ⁽⁶⁾, tilskipun ráðsins 95/19/EB ⁽⁷⁾, ákvarðanir ráðsins 82/529/EBE ⁽⁸⁾ og 83/418/EBE ⁽⁹⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Orðin „1. gr. ákvörðunar 83/418/EBE,“ og „2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2830/77, 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2183/78 og 2. gr. ákvörðunar 82/529/EBE“ í II. mgr. AÐLÖGUNARÁKVÆÐA VEGNA EINSTAKRA ATVINNUGREINA falli brott.
2. Texti 38. liðar (ákvörðun ráðsins 83/418/EBE), 40. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2830/77), 41. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2183/78), liðar 41a (tilskipun ráðsins 95/19/EB) og 42. liðar (ákvörðun ráðsins 82/529/EBE) falli brott.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 55c (brottfallinn):

„55ca. **32011 R 0651**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011 frá 5. júlí 2011 um samþykkt reglna um málsmeðferð varanlegs samstarfs sem aðildarríkin komu á í samstarfi við framkvæmdastjórnina skv. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB (Stjtið. ESB L 177, 6.7.2011, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 651/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 177, 6.7.2011, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 75, 15.3.2001, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 6.12.2001, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 334, 24.12.1977, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 258, 21.9.1978, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 143, 27.6.1995, bls. 75.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 234, 9.8.1982, bls. 5.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 237, 26.8.1983, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun 2009/18/EB ⁽¹⁰⁾ inn í samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽¹⁰⁾ Stjóð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.